

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, þriðjudaginn 7. apríl, var haldinn 31. fundur fjölmeningaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15.03. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Hildur Björnsdóttir, Tui Hirv, Renata Emilsson Peskova, Shelagh Smith. Einnig Anna Kristinsdóttir sat fund með fjarfundarbúnaði. Joanna Marcinkowska ritaði fundargerð.

### **Petta gerðist:**

1. Lagt fram bréf til fagraða frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 24. mars 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.
2. Lagt fram bréf með tillögu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um upplýsingaþjónustu til fólks af erlendum uppruna.
3. Fram fer kynning á stöðu innflytjenda og upplýsingagjöf til innflytjenda í Reykjavík vegna COVID - 19.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Magdalena Elísabet Andrésdóttir og Saga Stephensen frá skóla- og frístundasviði taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Sigprúður Erla Arnardóttir frá velferðarsvið tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Barbara Jean Kristvinsson frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lagðar fram aðgerðir Reykjavíkurborgar í efnahagsmálum vegna COVID -19.

Fjölmeningarráð leggur svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð leggur áherslu á að skoða sérstaklega við gerð jafnréttismats áhrif á íbúa og starfsfólk borgarinnar sem eru af erlendum uppruna vegna COVID-19 aðgerða sem Borgarráð samþykkti.

### **Fundi slitið kl. 16.37**

Sabine Leskopf

Hildur Björnsdóttir  
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova  
Shelagh Smith